

C Q T F



Radíóvitinn TF3SIX er orðin þekktur víða um heim. Þessi viti, sem er einkaframtak TF3GW er staðsettur á Rjúpnahæð og sendir út á 50.057 MHz.

Myndina tók TF3GW

Í þessu blaði

2. tbl.
22. árg.
maí 2004



Frá ritstjóra	2
Frá formanni.	3
Fundargerðir stjórnarfunda	4
Dagbókin	5
Félagatal ÍRA 2004.	7
2004 WPX SSB	9
QSL-kort.	10
Dippe dutter.	13
Úr ýmsum áttum	15
Aðalfundur ÍRA 2004.	16



Viðtakandi

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- a. Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.*
- b. Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.*
- c. Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptu*
- d. Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.*
- e. Efla amatörradió sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.*
- f. Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsóknna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.*
- g. Örvra radióþróttir meðal radióamatöra.*
- h. Þróa amatörradióþjónustuna sem verðmætari þjónuaraudlind.*
- i. Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradiói meðal ungs fólks.*

Ístjórn ÍRA 2003-2004 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform: Sveinbjörn Jónsson TF8VET
Ritari: Benedikt Guðnason TF3TNT
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Bjarni Sverrisson TF3GB
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG
Varam.: Sveinn B. Sveinsson TF3SNN

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumiðstöð ÍTR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhöf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni:

<http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradió

Skammtstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Sælir félagar og gleðilegt sumar.

eQSL.cc er þjónusta sem búinn er að vera á netinu um tíma og ég geri ráð fyrir að flestir viti um. Inni á eQSL.cc liggja nú um 35 milljónir QSL korta frá 295 löndum og fer fjölgandi. Undirritaður er búin að vera með sinn logg þarna inni í ein 4 ár eða svo og verð ég að segja að mér líkar þessi þjónusta mjög vel. Ég er búinn að fá einhversstaðar um 500 sambönd staðfest þarna, sem ég

hafði ekki fengið öðruvísi, og hef vonandi getað hjálpað einhverjum með staðfestingu á Íslandi. Þetta er ákaflega þægilegur máti til að QSL'a og er almennt mjög einfalt í notkun. Þarna sækir maður sjálfur kortin sín og prentar út þau sem maður vill eiga en lætur hin eiga sig. Nú á tímum hraðvirkra sítenginga við netið er kostnaður við þetta í lágmarki eða aðeins smá tími og 2-3 krónur í pappír og blek. Og samkvæmt gamla góða amatörandanum þá er þessi þjónusta ókeypis. Þetta er rekið á frjálsum framlögum og auglýsingum. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta er það sem koma skal þó að ég eigi nú ekki von á að gamla aðferðin leggist algerlega af í bráð. Ekki hef ég heyrt neinar umræður um að menn hafi verið að svindla þarna og búa til kort fyrir sambönd sem ekki voru fyrir hendi en hafi einhver heyrt af slíku þá þætti mér vænt um að fréttu af því.

Félagar okkar í ARRL í Ameríkuhreppi gátu að sjálfsögðu ekki verið þekktir fyrir að samþykka kort frá eQSL fyrir DXCC eða önnur sín aword, þrátt fyrir langar og strangar samningaviðræður, og þrátt fyrir að fjöldi annarra klúbba samþykkir eQSL fyrir sín aword. Það átti víst að vera svo auðvelt að svindla á kerfinu. Sennilega er það vegna þess að þeir voru ekki með puttana í þessu sjálfir. Þeir stofnuðu því "Alheims radiódagbókina" minna mátti það nú ekki vera og gott ef maður heyrði ekki sólkerfisnafnið hljóma í bakgrunninum. Á þessum tveim rafrænu radiódagbókum er þó grundvallar munur. Í Alheims radiódagbókina er ekki hægt að sækja QSL kort en það er hægt í eQSL.cc. Í ARRL bókinni safnar maður því sem þeir kalla "Awards Credit" og hún er að mestu sniðin að þeirra eigin awordum þó hægt sé að semja um aðgang fyrir önnur aword. Það kostar ekkert að sækja þann hugbúnað sem þarf og setja dagbókina sína þarna inn en ef maður ætlar að nota þessi "Awards Credit" fyrir aword þá þarf að greiða, að mér skilst, 0,25 dollara fyrir hverja færslu sem notuð er. Að lokum er spurningin hefur einhver TF amatör notað sér þessa þjónustu hjá ARRL og ef svo væri gaman að fá að fréttu af því.

73 de TF5BW

CQ TF maí 2004

Frá Formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



Ágætu félagar

Þá er þessum vetri að ljúka og taka sennilega önnur áhugamál yfirhöndina eða í það minnsta breyttar áheyrslur t.d. stöðin flutt í bílinn, tjaldvagninn eða

sumarbústaðinn. En hvað sem verður er ég viss um að þetta verður gaman.

Hvað varðar félagið þá eru vissulega fyrirhugaðir nokkrir atburðir sem eru áhugaverðir en þar er væntanlega skemmtilegust vitahelgin en sem fyrr verður farið í Knarrarós og vonast maður eftir góðu veðri þannig að sem flestir sjái sér fært að komast þangað. Og nú með konur og börn en staðurinn bíður upp á feikigóða aðstöðu fyrir þau.

Eins og ykkur er kunnugt þá hafa verið talsverðar umræður um morse. Hvort við ættum að gera hvað við getum til að halda þessu inni sem prófkröfu eða hvort ekki ætti að fella þetta niður alfarið fyrir verðandi amatöra. Stjórn ÍRA hefur farið fram á það við viðkomandi yfirvöld að þau geri breytingar þar á til samræmis við önnur lönd í næsta nágrenni við okkur. En ennþá hefur ekki heyrst mikið frá þeim en það sem hefur heyrst er jákvætt. Vonast eftir að geta sagt meira á aðalfundinum í maí.

Aðrar breytingar hafa verið að gerast varðandi tíðnimál sem við ættum að fylgjast náið með, hvernig verður með stækkun á 40 metra bandinu frá 7100 til 7200 en þar hafa nú þegar tvö lönd í Evrópu fengið þar leyfi til að hefja sendingar en reyndar aðeins sem víkjandi aðilar en það ætti ekki að trufla nokkurn amatör.

Einnig verður fróðlegt að fylgjast með hvernig fer með 5 MHz en þar sýnist mér aðallega vera um neyðartiðni að ræða en ekki til almennra amatörviðskipti.

Kannski verður þetta band eins og á 70 cm fullt af rusli sem ryðst þarna inn og verður brátt ef við ekki gerum neitt í málinu gert að ríkjandi þjónustu. Ekki veit ég hvernig þessu er háttað í á svæði eitt en mér óar við þessu. Til dæmis veit ég að í hringum vinnustað minn er lengi búið að “útvarpa” tónlist en það er hald manna að þarna sé um þráðlaus heymartól að ræða og gæti komið úr hvaða byggingu sem er og ekki endilega ólögleg útsending þó svo hún trufla aðra starfsemi. Þarna er t.d. vont að nota fjarlæsingar á bíla á bilastæðinu þarna í grennd og segir mér svo hugur að þarna sé meira útgangsafl en nokkur millivött.

Ennþá hefur ekkert heyrst frá yfirvöldum hvort þau hafi hugsað okkur radió amatörum eitthvert hlutverk í neyðar-áætlunum sínum varðandi fjarskipti en við urðum vissulega vör við hversu brothætt þetta nýja kerfi er þegar slökkt var á nokkrum endurvörpum kerfisins þó svo að ekki hafi hlotist tjón af en samt finnst mér að þetta geti ekki gengið svona áfallalaust en vitanlega vonast maður að kerfið verði brátt svo fullkomið að slíkt gerist ekki.

Þá er stutt í aðalfund félagsins en hann verður haldinn í Skeljanesinu n.k. maí. Sjá nánari auglýsingu í blaðinu.

Með bestu kveðjum og óskir um gleðilegt sumar.

73 de Haraldur Þórðarson, TF3HP
formaður ÍRA

Fundargerðir stjórnarfunda

Benedikt Guðnaason TF3TNT



Stjórnarfundur ÍRA 08.01.04 haldinn í félagsheimilinu að Skeljanesi. Formaður setti fundinn kl.19:20 og bauð öllum gleðilegt nýtt ár. Mættir voru TF3HP, TF3AO, TF3GB, TF3TNT, TF3SNN.

1. OH2NIN er búinn að vera á skútu í höfninni í lengur en 3 mánuði. Ákveðið var að minna hann á að nota rétt kallmerki í loftinu.

2. Þjóðverji nokkur boðaði komu sína til landsins. Leyfi hans hljóðaði upp á 10w hámark á VHF/UHF. Ákveðið var að úthluta honum T leyfi með takmörkunum síns leyfis.

3. Beina tilmælum til reglugerðarnefndar um að halda fund með stjórn ÍRA.

4. Halda bjórkvöld í þorabyrjun.

5. Hýsingin á ÍRA.IS hefur verið flutt frá Fróða til Hringiðunnar, ÍRA að kostnaðarlausu.

Fundi slitið klukkan 20:00

Stjórnarfundur ÍRA 03.02.2004 haldinn í félagsheimilinu að Skeljanesi. Formaður setti fundinn kl.19:40. Mættir voru TF3HP, TF3AO, TF3GB, TF3TNT, TF3SNN.

1. Húsaleigan fyrir næsta ár hefur verið afgreidd.

2. Athuga með bréf sem láðist að fara í póst.

3. Boða til fundar með TF3DX, TF3KB, TF3KX, TF8SM eftir 2 vikur.

4. 50Mhz Norðurlanda kontest, athuga með Baltics löndin, tala við Billa um að útbúa aword

5. Formaður ætlaði að koma með stokka og setja upp hillur.

6. Rætt var um að koma á miðlægum grunni fyrir stjórnarskjöl.

Fundi slitið klukkan 20:50

Stjórnarfundur ÍRA 02.03.2004 haldinn í

félagsheimilinu að Skeljanesi. Formaður setti fundinn kl.20:15. Mættir voru TF3HP, TF3AO, TF3GB, TF3TNT.

1. Ekkert heyrst ennpá í PoF

2. Senda reglur og önnur um 50MHz contestinn í póst. Og tilkynna hann til SM3CER.

3. Filterar keyptir fyrir endurvarpana Smala og Pétur

4. Athuga með aðalfund.

5. Koma hreyfingu á VHF/UHF loftnetsmálin. Fundi slitið klukkan 21:00

Stjórnarfundur ÍRA 06.04.2004 haldinn í félagsheimilinu að Skeljanesi. Formaður setti fundinn kl.20:00 og helti upp á kaffi. Mættir voru TF3HP, TF3AO, TF3GB, TF3TNT, TF3VG, TF3SNN.

1. Ekkert heyrst ennpá í PoF um reglugerðina.

2. Hvenær ætti að halda aðalfund. Stefnt var að 15 maí klukkan 14:00 og beina þeim tilmælum til Billa um að setja tilkynningu í blaðið.

3. TF3GB og TF3VET eiga að ganga úr stjórn, Bjarni gefur kost á sér aftur, Sveinbjörn gefur ekki kost á sér, Formaður gefur kost á sér.

4. Lagabreytingar, kominn er tími til að laga reglur ÍRA og breyta orðalagi til samræmis við breytta reglugerð radióamatöra.

5. Athuguð málin með 50MHz contestinn.

6. Greitt var fyrir filtera á Smala og Pétri

7. Athuga með kaup á 6 banda vertical

8. Athuga með kaup á VHF/UHF loftnetum og rótor.

9. Kanna með Amatörstöð í tækniminjasafnið á Seyðisfirði.

10. Áhugi er hjá stjórninni með að fá sögu félagsins ritaða, svo farið var að kanna það mál. Fundi slitið.

Fundargerðir ritaði
Benedikt Guðnaason TF3TNT

Dagbókin (Loggið)

Niels Kristjánsson TF3NJ/VA6NJ



Hér á eftir koma nokkrar hugleiðingar um stöðvar dagbókina eða loggið eins og það er kallað í daglegu tali.

Ekki er ætlunin að

útlista eða gera greinarmun á öllum þeim tölvu forritum sem hafa verið samin í þessum tilgangi, heldur er ætlunin að tala um gömlu dagbókina sem er nú sennilega í rykugum pappa kassa upp á háalofti eða einhverstaðar úti í geymslu.

Eins og gefur að skilja þá er þetta sennilega dagbók amatörs sem er komin til vits og ára (alla vega ára). Eitt af því fyrsta sem menn urðu að verða sér úti um þegar sett var upp amatör stöð var stöðvar dagbók, þetta gat verið allt frá hálfnotaðri skóla stílabók (sennilega danskir stílar) uppí glansprentaðan doðrant og allt þar á milli.

Dagbókin var (og er enn sumstaðar) skylda og urðu menn að framvísa henni þegar sótt var um nýtt leyfi og var hún sönnun þess að menn höfðu staðið við þau skilyrði sem þurfti að uppfylla til þess að fá nýja leyfið.

Á fyrstu blaðsíðunni má sennilega sjá fyrstu samböndin á morsi skrifað með skjálfandi hendi og tilheyrandi taugatitringi. Líklegast er að menn muni þessi sambönd enn. Síðan fara að sjást eitt og eitt DX samband og jafnvel má sjá athugasemdir um hitt og þetta, nýjar tíðnir (bönd) og styrk skriftin farin að sýna merki um aukið sjálfstraust. Árin

líða, samböndunum fjölga jafnt og þétt, og nú fara að sjást SSB sambönd og enn sjaldgæfari DX.

Það má líka geta þess að margir stuttbylgju hlustarar halda líka dagbók sem er ekki síður athyglisverð og má sjá mörg kallmerki stuttbylgjustöðva sem ekki eru lengur í loftinu og heyra til liðinni öld og þeim tíðaranda sem þá ríkti eins og til dæmis kalda stríðinu svo dæmi sé tekið. Eins sjást í dagbókinni kallmerki frá löndum sem hafa tekið breytingum og eru jafnvel ekki lengur á landakortinu. Mörg eru landamærin sem hafa færst til og allt ber þetta vitni um það hvernig í veröldinni allt er eilíft breytingum undirorpið.

Dagbókin ber þess skýr merki hvernig stöðin þróast og vex, einn daginn er komið nýtt viðtæki og sendir, nýr lykill og hljóðnemi, nýtt loftnet prófað og man ég sjálfur eftir að hafa fært í dagbókina með rauðum blýanti eftir að hafa haft samband á jólunum.

Nú er farið að bera á því að amatörinn er farinn að fíkra sig áfram í keppnum og ýmiskonar tilraunir eru í gangi.

Stundum má sjá tímabil þar sem ekkert er að gerast vegna þess að amatörinn fór á vertíð, í skóla eða jafnvel í sveit og ekki tími til að fara í loftið enda tómtunda gamanið ekki efst á forgangslistanum hvað varðar nám, vinnu og lífsviðurværi. Oft sjást stórir kippir í starfseminni og ef dagbókin (bækurnar) ná yfir nógu langan tíma má sjálfsgagt sjá áhrif sólbletta sveiflunnar sem aukinn fjöldi sambanda á hærri tíðnum og jafnvel sjaldgæfari DX.

Sumir amatörar færa inn glósur um það sem er helst að gerast í heims og eða þjóðmálum, jafnvel má sjá athugasemdir um veðrið hverju sinni.

Oft má sjá sama kallmerkið margendurtekið og er augljóst að amatörinn hefur eignast vini út um allan heim sem hann hefur reglulegt samband við.

Ein góð ástæða fyrir því að halda góða og nákvæma dagbók er sú að ef það berast kvartanir um truflanir frá stöðinni þá er auðvelt að sanna sakleysi (eða sekt) amatörsins með því að athuga hvort hann var í loftinu á þeim tíma sem um ræðir.

Nú gæti komið langur tími án þess að nokkuð væri fært inn í dagbókina og hefur amatörinn þá jafnvel orðið fyrir örvarskoti Erosar og hormónarnir orðið stöðinni yfirsterkari. Enn gæti þetta árabíl dregist á langinn þegar ungvíðið (yfirsveiflurnar) kemur fram á sjónarsviðið, amatörinn er kominn á kaf að byggja og lífsgæða kapphlaupið komið í algleyming. Þegar fer að hægjast um og menn komast aftur upp á yfirborðið andlega er oft ekki langt í að dellan láti aftur á sér kræla. Það vill nú þannig til að ef menn hafa smitast af þessari radiódellu á annað borð þá er sjúkdómurinn ólæknandi og oft í djúpum dvala, getur blossað upp af minnsta tilefni og er oft heldur verri í seinna skiptið.

Þegar hér er komið eru tölvurnar komnar til sögunnar og þráður dagbókarinnar tekinn upp aftur í stafrænu formi. Hægt er að hafa geisladisk og net tengingu svo að ekki þarf annað en að slá inn kallmerki til að fá allar upplýsingar um þann sem talað er við jafnvel áður en samband er komið á. Hefur undirritaður oft fallið í þá gryfju að halda að þetta sé ekki fyrsta samband

þegar kallað er með nafni og svo komist að því að tölva þess sem er að svara CQ kjaftaði frá öllu og hafði jafnvel af manni þá ánægju og kurteisi að segja til nafns.

Nú má ekki halda að undirritaður sé á móti tölvum, síður en svo, tölvur halda utan um allar upplýsingar varðandi sambönd sem menn hafa haft og síðan er hægt að fá alls konar tölulegan úrdrátt um allt sem mönnum getur dottið í hug. Á meðan liggur gamla dagbókin (bækurnar) í rykugum pappa kassa einhverstaðar gleymd í geymslu.

Nú legg ég til að menn grafi upp þennan gamla ferðafélaga sem hefur fylgt okkur gegnum tíðina og er stútfullur af minningum, blási af henni rykið, fái sér einn kaldann og setjist niður í góðu tómi og berji augum þessar gulnuðu síður sem bera þess vitni hvaðan við komum og hversu ævintýraleg ferðin um öldur ljósvakans hefur verið. Það er oft ekki síður gaman að fletta rykugum síðum í dagbókum annarra amatöra og jafnvel rekast á sitt eigið kallmerki og annarra sem menn kannast við. Þegar þessari ferð um minninganna slóð er lokið eiga menn að setja dagbókina (eða bækurnar) á heiðursstað í “sjaknum” þar sem hún sómir sér virðingu sinni samkvæmt. Dagbókin er hluti af stöðinni, hluti af sögunni og hluti af amatörnum og hans persónuleika.

Þess má að lokum geta að undirritaður notar enn blað og blýant, dagbókarblöðin eru heimatilbúin og eru sett í möppu sem ekki verður sett í dimma geymslu.

73 de Niels Kristjánsson
TF3NJ / VA6NJ

Félagatal ÍRA 2004



ÍRA
Íslenskir Radióamatörar
Pósthólf 1058
121 Reykjavík

Formaður ÍRA er Haraldur Þórðarson TF3HP

Félagsheimili ÍRA er í Þjónustumiðstöð ÍTR
að Skeljanesi í Reykjavík

Heiðursfélagar ÍRA eru

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Ásgeir Magnússon	TF3AB	Silent Key			
Guðjón Einarsson	TF3AC	Hlíðarhúsum 5	112 Reykjavík	551-8857	6954360@tal.is
Ingi Sveinsson	TF3SV	Silent Key			
Sveinn Guðmundsson	TF3T	Háteigsvegi 2	105 Reykjavík	551 0907	
Þorsteinn Gíslason	TF6GI	Silent Key			
Þórhallur Pálsson	TF5TP	Silent Key			

Almennir félagar

Nafn	Kallm.	Heimilisfang	Sveitarfélag	Sími	Netfang
Andrés Þórarinnsson	TF3AM	Hjarðarlandi 7	270 Mosfellsbær	566 7190	andres@vista.is
Arngrímur Jóhannsson	TF3AD	Leirutanga 6	270 Mosfellsbær	566 6801	
Axel Sölvason	TF3AX	Hraunbæ 44	110 Reykjavík	567 1860	axels@hi.is
Ágúst Bjarnason	TF3OM	Holtsbúð 44	210 Garðabær	565 7722	agust@rt.is
Ágúst Guðmundsson	TF3AGN	Austurbrún 24	104 Reykjavík	553 2998	
Árni S. Jóhannsson	TF3OKT	Tunguheiði 6	200 Kópavogur	567 0215	
Ársæll Óskarsson	TF3AO	Lækjasmára 78	201 Kópavogur	564 5760	tf3ao@simnet.is
Ásbjörn Harðarson	TF3LA	Þinghólsbraut 40	200 Kópavogur	554 7477	tf3la@amsat.org
Ásgeir H. Sigurðsson	TF3TV	Stapaseli 9	109 Reykjavík	551 2337	
Ásgeir Örn Rúnarsson	TF3AI	Hrafnhólum 6	111 Reykjavík	557 4963	asgeir@aukaraf.is
Baldur Þorgilsson	TF3BP	Grænuhlíð 10	105 Reykjavík	552 2343	baldur@kine.is
Baldvin Þórarinnsson	TF3-033	Þórsmörk	210 Garðabær	555 0608	
Benedikt Guðnason	TF3TNT	Snælandi 8	108 Reykjavík	553 4679	bennig@simnet.is
Bergur Axelsson	TF3BX	Hraunbæ 198	110 Reykjavík	567 2108	
Bernhard M. Svavarsson	TF3BS	Huldulandi 9	108 Reykjavík	553 9032	bern@centrum.is
Bjarni Sverrisson	TF3GB	Hnjúkaseli 4	109 Reykjavík	557 8293	tf3gb@islandia.is
Bjarni Þ. Magnússon	TF3BM	Melbæ 5	110 Reykjavík	557 5653	bjarnim@iads.is
Brynjólfur Jónsson	TF5BW	Pósthólf 121	602 Akureyri	462 3058	tf5bw@nett.is
Eggert Steinsen	TF3AS	Furugrund 26	200 Kópavogur	554 1857	eggerts@mmedia.is
Elís Jónsson	TF3EX	Háahvammi 6	220 Hafnarfjörður	555 2002	elis@thi.is
Erling Guðnason	TF3EE	Álftam, 14, 4hv.	108 Reykjavík	568 7781	erlingg@simnet.is
Eysteinn F. Arason	TF3EF	Miðtúni	861 Hvolsvöllur	555-4435	
Finnur Tómasson	TF4FT	Reyrengr 19	112 Reykjavík	456 7282	tf4ft@simnet.is
Friðrik Á. Pálmason	TF8FP	Garðbraut 47	250 Garður	422 7050	kristjv@mi.is
Friðrik Kristjánsson	TF3FK	Einarsnesi 42 A	101 Reykjavík	552 6132	tf3fk@isl.is
Gísli Páll Jónsson		Sæviðarsundi 4 kj.	105 Reykjavík	896 2468	gisli@grgolf.is
Guðjón H. Egilsson	TF3WOT	Seiðakvísl 8	110 Reykjavík	567 6817	guadjonhe@netscape.com
Guðlaugur Ingason	TF3GN	Efstalundi 3	210 Garðabær	565 6046	
Guðlaugur K. Jónsson	TF8GX	Sólvöllum-Bergi	230 Keflavík	421 5040	tf8gx@gi.is

Guðmundur D. Haraldsson		Foldahrauni 38a	900 Vestm. eyjar	481 2447	gdh@simnet.is
Guðmundur Gunnarsson	TF3GG	Suðurlhvammí 6	220 Hafnarfjörður	565 3336	guðmundur@raftel.is
Guðmundur Sigurðsson	TF3GST	Miðvangi 117	220 Hafnarfjörður	555 0100	gummi117@visir.is
Halldór Christensen	TF3GC	Móafliót 8	210 Garðabær	565 7354	tf3gc@simnet.is
Haraldur Sigurðsson	TF3A	Miðvangi 159	220 Hafnarfjörður	565 3330	haraldurs@simnet.is
Haraldur Þórðarson	TF3HP	Gunnarsbraut 36	105 Reykjavík	552 0157	hartor@hi.is
Haraldur Þráinsson	TF3TR	Klyfjaseli 24	109 Reykjavík	849 1990	haraldurth@simi.is
Haukur Konráðsson	TF3HKT	Kambsvégi 7	104 Reykjavík	568 5212	haukur@raf.is
Hilmar Arnason	TF6RXN	Silfurbraut 37	780 Höfn	478 1337	
Hjalti Jóhannsson	TF3HJ	Háahvammí 1	220 Hafnarfjörður	565 2440	hjaltijoh@islandia.is
Hrafnhildur Björnsdóttir		Krummahólum 6	111 Reykjavík	557 7167	
Hörður Mar Tómasson	TF3HM	Dverggholti 5	220 Hafnarfjörður	867 4545	hmt@hi.is
Höskuldur Eliasson	TF3RF	Álfamýri 2	108 Reykjavík	553 0147	hoski@isholf.is
Ingimundur Björgvinson	TF3-005	Ofanleiti 25	103 Reykjavík	568 5801	ingimundur@fjoltengi.is
Íslenskir Ráðiamatörar	TF3IRA	Pósthólf 1058	121 Reykjavík		
Jakob Geir Kolbeinsson		Dvergabakka 36	109 Reykjavík	564 3319	jgk101@simnet.is
Jakob Helgason	TF3EJ	Sofienberggt 56-2	N-0563 Oslo, N	22678708	helgason@helgasondata.com
Jóhann G. Einarsson	TF6GE	Hafnargötu 4	710 Seyðisfjörður	472 1110	
Jóhann G. Sigfússon	TF3GSN	Stallaseli 6	109 Reykjavík	557 7802	
Jóhann Zoega	TF6JZ	Miðgarði 20	740 Neskaupstaður	477 1154	zoega@ismennt.is
Jón Börkur Ákason	TF9JCN	Hverfisgötu 78	105 Reykjavík	552 2813	
Jón E. Berg	TF5DZ	Pósthólf 314	602 Akureyri	461 1745	joneberg@simnet.is
Jón G. Gergsson	TF3JX	Engihlj. 9 íb.10D	200 Kópavogur	554 3036	jonebergs@bakkar.is
Jón M. Brynleifsson	TF3JRT	Breiðvangi 36	220 Hafnarfjörður	565-3614	j.magnus@isholf.is
Jón Þ. Jónsson	TF3JA	Hlaðhömrum 36	112 Reykjavík	567-0047	jonth@simnet.is
Jónas Friðgeirsson	TF3JFT	Barðaströnd 31	170 Seltjarnarnes	561 2527	mrbobo@strik.is
Jökull Jóhannsson		Akurholti 9	275 Mosfellsbær	566-7169	jokullj@simnet.is
Karl Sigurðsson	TF3-073	Reykjabraut 6	815 Þorlákshöfn	483 3683	
Kári Snær Valtingoer	TF6KZ	Fjarðarbraut 42	750 Stöðvarfjörður		
Kjartan Guðmundsson	TF3KKT	Birkivellir 14	800 Selfoss	482-1262	diesel@islandia.is
Kolbeinn Sverrisson	TF3KST	Vesturgötu 17 A	101 Reykjavík	551 9242	tf3kst@mmmedia.is
Konráð Þórisson	TF3KE	Garðafliót 7	210 Garðabær	565-9096	konth@skima.is
Kristinn Andersen	TF3KX	Austurgötu 42	220 Hafnarfjörður	555 0028	kiddi@marel.is
Kristinn V. Danielsson	TF8KD	Steinahlíð 1C	603 Akureyri	461-1675	
Kristján Benediktsson	TF3KB	Barmahlíð 55	105 Reykjavík	551-8972	tf3kb@amsat.org
Kristþór B. Helgason	TF3TF	Pósthólf 1504	121 Reykjavík	566 7226	tf3tf@simnet.is
Leifur Guðmundsson	TF3LG	Bauganesi 31	101 Reykjavík	552-4199	
Lofur E. Jónasson	TF3LJ	Digranesheiði 41	200 Kópavogur	554-6538	loftur@simi.is
Marteinn Sverrisson	TF3MA	Langatanga 2	270 Mosfellsbær	566-6829	matti@hi.is
Matthías Björnsson	TF5MF	Álfaklökk	601 Akureyri	462 4099	
Mattías Hagvaag	TF3-035	Sogavegi 216	108 Reykjavík	553 5204	mathag@centrum.is
Oddur Rúnar Oddsson	TF3OO	Famafýri 34	108 Reykjavík	553 5215	oro@binet.is
Ólafur B. Ólafsson	TF3MLT/LX3TF	48a rou du vin, L-5447	Schwebsange LUX	26665326	island@pt.lu
Ólafur Engilbertsson	TF3SO	Stararíma 59	112 Reykjavík	587 3420	
Ólafur Þ. Guðjónsson	TF3MX	Ánalandi 6	108 Reykjavík	568 1517	olafur.g@isl.is
Óskar Hlynur Óskarsson	TF3OHN	Svöluási 22	221 Hafnarfjörður	898 7582	oskaros@hi.is
Óskar Sverrisson	TF3DC	Goðalandi 20	108 Reykjavík	588-3151	oskar@kpmg.is
Reynir H. Stefánsson	TF6-005	Holtagötu 3	730 Reyðarfjörður	474 1182	
Sigurbjartur I. Helgason		Vættaborgum 120	112 Reykjavík	567 5719	
Sigurður E. Davíðsson	TF5-252	Grænumýri 2	600 Akureyri	462-6768	
Sigurður Harðarson	TF3WST	Fögrubrekku 41	200 Kópavogur	568-4440	
Sigurður Ingólfsson	TF3SX	Áslandi 14	270 Mosfellsbær	566 7326	tf3sx@arri.net
Sigurður Lýðsson	TF3BA	Flókagötu 10	105 Reykjavík	863 8057	
Sigurður S. Hreinsson	TF8SM	Melbraut 17	250 Garður	422 7109	tf8sm@simnet.is
Stefán Arndal	TF3SA	Vesturhólum 15	111 Reykjavík	557 3230	
Stefán Þórhallsson	TF3S	Engihlíð 16	105 Reykjavík	561 1064	nenni@isholf.is
Steingrímur Sigfússon	TF3SZ	Drápuhlíð 2	105 Reykjavík	552 7068	steinis@simnet.is
Sveinbjörn Jónsson	TF3VET	Eyjaholti 7	250 Garður	552 8873	hamradio@simnet.is
Sveinn Bragi Sveinsson	TF3SNN	Fífuseli 35	109 Reykjavík	567 0187	tf3sn@simnet.is

Sverrir Helgason	TF3FM	Brúnalandi 20	108 Reykjavík	553-7596	
Sæmundur Þorsteinsson	TF3UA	Kolbeinsmýri 14	116 Seltjarnarnes	561 7017	saemi@simi.is
Vala Dröfn Hauksdóttir	TF3VD	Garðaflöt 7	210 Garðabær	565 9096	
Valdimar Einarsson	TF3VR	Baughúsum 29	112 Reykjavík	567 1953	
Valdimar Tryggvason	TF3VA	Hjallahlíð 12	270 Mosfellsbær	566 8045	tryggvason@isl.is
Valtýr Einarsson	TF3VG	Seljabraut 24	109 Reykjavík	557 2060	tf3vg@amsat.org
Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	TF3VS	Digranesvegi 18 A	200 Kópavogur	564 1292	vilhj@vortex.is
Vilhjálmur Kjartansson	TF3DX	Silungakvisl 10	110 Reykjavík	567 4013	tf3dx@mi.is
Völundur Jónsson	TF5VJN	Hamraborg 26	200 Kópavogur	554 6075	
Yngvi Harðarson	TF3YH	Háaleitisbraut 133	108 Reykjavík	568 4789	hardy@consulting.is
Þorkell Gunnarsson	TF3AA	Gnoðarvogi 32	104 Reykjavík	553 6157	thorkell@isholf.is
Þorvaldur Stefánsson	TF3MM	Skúlagötu 2	101 Reykjavík		tf3mm@simnet.is
Þorvaldur Sveinbjörnsson	TF3TS	Glaðheimum 6	104 Reykjavík		
Þór Friðriksson		Faxastíg 33	900 Vestmannaeyjar	481 1045	
Þór Þórisson	TF3GW	Flétturima 2	112 Reykjavík	568 0013	tf3gw@amsat.org
Ægir Bessason	TF3CB	Þrúðvangi 2	220 Hafnarfjörður	555 1157	
Ægir Þór Ólafsson		Sundabakka 15	340 Stykkishólmur	438 1738	aolafs@simnet.is

Almennir félagar Í.R.A., samkvæmt þessu félagatali, eru 105 talsins. Heiðursfélagar Í.R.A. eru 6 talsins og eru 4 þeirra látnir.

Ritstjóri vill hvetja féлага til að athuga skráningu sína í félagatalið og láta vita ef rangt er skráð.

Gleymið ekki að láta okkur vita ef skipt er um heimilisfang, símanúmer eða tölvupóstfang til að hægt sé að senda ykkur póst frá félaginu, sem þið eigið rétt á svo sem eins og CQ TF.

Breytingar sendist til gjaldkera Ársæls Óskarssonar TF3AO tf3ao@simnet.is

2004 WPX SSB

Ársæll Óskarsson TF3AO

Að venju tókum við þátt í WPX SSB keppninni sem fór fram dagana 27. og 28. mars síðastliðinn.

Árangur varð ekki sem oft áður og urðu samböndin ekki nema 682 þrátt fyrir að lengi væri setið við, en þessi keppni stendur yfir í 48 klst. Stigin urðu 576.640.

Þeir sem mættu til að virkja kallmerkið okkar, TF3W virkt, voru undirritaður ásamt TF3AM, TF3SNN, TF3VS og TF3HP.

Skilyrði voru heldur léleg og vorum við sjaldan “spottaðir” á cluster og kemur það sér frekar illa, þar sem það er orðið mjög algengt að stöðvar séu leitaðar uppi á þann hátt frekar en að rennt sé yfir böndin og leitað á þann hátt. Í þessari keppni vorum við með “cluster” tengingu og á TF3VS einna mestan heiður af því með uppsetningu á gátt í Háskólanum, en við tengdumst henni á 2 metrum.

Þegar leið á keppnina komu kostir þess að hafa svona tengingu berlega í ljós, þegar við **CQ TF maí 2004**

náðum í hvern margfaldarann af öðrum með þessum hætti. Aðeins þarf að betrumbæta þessa tengingu og þá stöndum við jafnfætis mörgum öðrum “multi-op” stöðvum.

Sjaldgæfar stöðvar sem við höfðum í keppninni má nefna VK7 og VK3 á 40metrum, en ef ég man rétt þá höfðum við ekki eitt einasta samband á 10metrum.

Til gamans má geta þess að sigurvegari í þessari keppni í flokki SOAB HP (single operator all bands High Power) er Alexander 4L5A, en hann var í stöð sinni á Grænhöfðaeyjum með kallmerkið D4B. Samkvæmt heimasíðu hans www.qsl.net/d44tt þá var hann með 6364 sambönd og rúmlega 26.4 milljónir stiga. Mun vera um heimsmet að ræða. Þeir sem hafa áhuga að sjá tækjauppsetningu ofl. skal bent á ofangreinda síðu.

Með þökk fyrir lesninguna. 73 de TF3AO

QSL-kort

Bjarni Sverrisson TF3GB



QSL- kortið er lokastaðfesting á að samband hafi verið milli tveggja radióamatöra tiltekinn dag og stund. Kortið inniheldur upplýsingar um eitt eða fleiri sambönd, sem eru bornar saman við stöðvardagbók. Ef upplýsingarnar á kortinu eru réttar, getur þú fyllt út svarkort.

Mörg félög radióamatöra hafa látið gera viðurkenningarskjöl af ýmsu tagi. Til að geta sótt um þau þarf oft að hafa QSL-kortin á takteinum og jafnvel þarf að senda þau til þeirra, sem gefa skjölin út, svo umsóknin teljist gild.

Að búa til kort.

QSL-kortin eru afar fjölbreytt og möguleikarnir nánast óendanlegir. Sum kort eru með flóknum og litríkum myndum en önnur mjög einföld. Ákveðnar lágmarksupplýsingar þurfa þó ævinlega að koma fram á kortinu. Þær eru:

- 1) Kallmerki stöðvarinnar sem gefur út kortið. Það þarf að vera með stóru letri og skýrt, svo engin hættu sé á að það hverfi í annað sem á kortið er prentað.
- 2) Þá þarf einnig að koma fram að stöðin sé frá Íslandi. Nafn landsins er gjarnan sett ofan við kallmerkið. Leturstærð er höfð u.þ.b. 1/3 , 1/4 af stærð kallmerkisins.
- 3) Síðan kemur setningin ”Confirms a QSO/SWL-report to:” Á eftir henni kemur reitur eða eyða þar sem setja skal kallmerki stöðvar eða auðkenni hlustara, sem á að fá kortið.
- 4) Venjulega koma svo reitir þvert yfir kortið, sem innihalda upplýsingar um sambandið. Venjulega radast þeir á eftirfarandi hátt og heita:

Day , Month, Year, Time UTC, Band/MHz, 2xMode, RS(T), Worked.

Alls 8 reitir. Reiturinn “Worked” er hafður með, svo nota megji sama kortið til að svara hlusturum. Þá þarf aðeins að skástrika í RS(T) reitinn eða setja stafina SWL, strika yfir QSO í “Confirms a QSO” og 2x fyrir framan “Mode” og setja kallmerki stöðvarinnar sem þú varst í sambandi við í reit- inn ”Worked”.

- 5) Nafn og heimilisfang þess sem á kallmerkið á kortinu.
- 6) Annað, t.d. upplýsingar um CQ-zone, ITU-zone, IOTA nr, QTH locator, tæki og fleira.
- 7) Sértu í félaginu Íslenskir Radióamatörar, Í.R.A., má setja merki þess og pósthfang á kortið.

Ofantalið er miðað við einfalt kort með öllum upplýsingunum á annarri hlið kortsins. Þegar hingað er komið er allt pláss vísast uppurið. Sum kort eru prentuð í lit og gjarnan með fallegrri mynd, sem spillist við að troða öllum upplýsingunum inn á hana. Má þá færa upplýsingarnar í liðum 3-6 á bakhlið kortsins. Þá þarf að breyta línunni í lið 3 í t.d.:

TF3XXX confirms a QSO/SWL-report to:
og hafa hana efst á bakhliðinni. Þannig verður bakhliðin QSL-kort og framhliðin skrauthlið. Til dæmis:

TF3GB confirms a QSO/SWL-report to: (kallmerki viðtakanda)
Day Month-Year-Time UTC-MHz/Band-2xMode-RS(T)-Worked

Eyða fyrir upplýsingar um QSO.

Rig: ALINCO DX70TH 100 watts out. Antenna Dipole - 3 band GP

Bjarni Sverrisson	CQ-Zone 40	Thanks for the QSO
and		
Hnjúkaseli 4	ITU-Zone 17	the QSL.
IS-109, Reykjavík	IOTA EU-021	
Iceland	QTH loc HP94BC	73.

Að fylla út kortið.

Skrifið vel og greinilega á kortin, svo engin hættu sé á misskilningi. Ef rangt er skrifað má ekki krotta yfir og breyta. Þá verður kortið gagnslaust fyrir viðtakandann þegar hann ætlar að sækja um viðurkenningarskjöl. Skrifa skal nýtt þeir sem nota límmiða, sérstaklega þeir sem líma þá á auða bakhlið korts, ættu að huga að því að hafa línuna ”TF3XXX confirms a QSO/SWL-report to:” á bakhlið kortsins eða á límmiðanum sjálfum. Þannig fer ekki milli mála, hvernig sem kortinu er velt, hver gaf það út. Að lokum ætti að árita kortið eigin hendi. Þá er það orðið að mikilvægu skjali, sem nota má í margvíslegum tilgangi.

Pappír og stærð korts.

Stærð kortsins á að vera 140 x 90 mm. Það er sú stærð sem langflestir nota. Stærri kort eiga það til að verða þvæld á brúnum á leiðinni milli landa. Þyngd pappírs ætti ekki að vera meiri en 160 gr. á fermetra og ekki minni en 120 gr. á fermetra. Þetta er mjög mikilvægt vegna reksturs QSL-stofu, þar sem allt gengur út á að koma sem flestum kortum fyrir sem minnst burðargjald milli landa. Kort í venjulegri póstkortapýkkt geta verið á við 3 kort eins og lýst er hér að ofan. Það

munar miklu hvort það eru 120 kort í kílóí eða 330. **Hafðu þetta hugfast.**

QSL-stofa, meðferð korta o.fl.

Nú er komið að því að senda kort. Ef þig langar að eignast kort frá einhverjum sem þú hafðir samband við, t.d. ef þú ert að safna í viðurkenningarskjal, er fljótlegast að senda beint á heimilisfang viðkomandi. Þá þarft þú að setja í umslagið til hans kortið, umslag með þínu heimilisfangi og burðargjald undir bréfið til baka. Burðargjaldið getur verið IRC "International Reply Coupon", sem fæst á pósthúsum eða 1 USD, oft nefnt "Green Stamp". Að senda kort gegnum QSL-stofu er margfalt ódýrara en tekur aðeins lengri tíma. Þá tekur QSL-stjóri við kortum frá mörgum amatörum, flokkar þau eftir löndum og pakkar í hentugar pakkningar, sem falla vel að gjaldskrá pósthjónustunnar. Í flestum löndum er a.m.k. ein QSL-stofa, sem tekur við sendingum frá okkur. Mikilvægt er að þeir sem senda kort gegnum QSL-stofuna séu búnir að flokka kortin eftir löndum og telja og inni greiðslu fyrir sendikostnaði af hendi þegar QSL-stjóri tekur við þeim. Einnig er mikilvægt fyrir vinnsluna, þegar verið er að senda kort á stöð sem hefur sérstakan QSL-umsjónarmann (manager) að skrifa kallmerki hans á áberandi stað á kortið, svo tekið sé eftir því í flokkuninni. Kort af þessu tagi verða t.d. til þegar haft er samband við amatöra sem starfrækja stöð í öðru landi en heimalandinu, oft á sérstöku kallmerki. Gefa þeir þá upp, hver sér um að svara kortum.

QSL-stjóri svo um að sækja innsend kort í pósthólf félagsins, flokka þau eftir kallmerkjum og koma þeim til skila í sérstök pósthólf í félagsheimilinu. Kort utanfélagsmanna fara ekki gegnum QSL-stofu. Í.R.A. rekur QSL-stofu fyrir sína félagsmenn, sem skulda ekki félagsgjöld samkvæmt lögum félagsins.

Að svara innsendum kortum.

Síðasti kafli fjallaði um að senda kort, en að sjálfsögðu kemur að því að þú færð kort, sem þarf að svara. Við skulum gera ráð fyrir því að þú hafir sama hátt á og flestir aðrir og sendir sjaldan kort af fyrra bragði, en svarir öllum kortum sem þú færð. Þetta kallast að "QSL-a 100%". Ef þú færð kort gegnum QSL-stofu sendir þú svarið sömu leið til baka. Ef kortið kemur beint með umslagi og burðargjaldi til baka, fer það á sama hátt til baka. Ef kortið kemur beint án umslags og burðargjalds er vaninn að senda svarið gegnum QSL-stofu. Aðalatriðið er að svara kortum sem berast og hafa að geyma réttar upplýsingar. Kort til þín með röngum upplýsingum miðað við stöðvardagbókina skal árita "RETURN" og að auki skýringu á því hvers vegna, t.d. "QSO is not in my log", "Wrong mode" eða annað og senda þau til baka til QSL-stofu. Þau eru síðan send til baka við hentugt tækifæri.

73 de TF3GB QSL-stjóri Í.R.A.

Dippe dutter

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Frændur okkar Norðmenn, Svíar og Finnar eru svo vinsamlegir að senda ritstjóra eintök af blöðum sínum Amaörradio, QTC og Radio-amatoori.

SM5XW taki við einnig er kynning á nýjum stjórnarmönnum.

Þarna er úttekt á Kenwood TS-480HX (SAT) og verið að segja frá loggforritinu TACLog sem ætlað mun vera fyrir 144 MHz contesta. Og þeim vantar greinilega ekki DX ritstjóra.

Ég verð að viðurkenna að ekki skil ég nú mikið í Finnsku en get ágætlega kraflað mig fram úr hinum. Þar sem hér er autt pláss í blaðinu þá datt mér í hug að nota það fyrir smá samantekt úr blöðunum á samt ýmsu fleiru.

Amatörradio er að segja frá að norðmenn hafi fengið tíðnisviðið 7100-7200 kHz frá 1 apríl með forgangi 2 og 100 vatta sendistyrk og 6 kHz bandbreidd í mótun og að radióamatörar í region 1 og 3 fái forgang á þessu tíðnisviði frá 29.03.2009.

Þeim vantar, eins og fleiri, ritstjóra fyrir DX dálkinn í Amatörradio og þarna er verið að segja frá heimsráðstefnu YL radióamatöra sem verður í Seoul í Kóreu í október 2004.

Nýja morsemerkið .--.-. eða di-da-da-di-da-dit sem sagt @ fær sína umfjöllun og auglýst er eftir QSL skoðunarmanni fyrir DXCC.

QTC er að segja frá því að Gunnar SM0SMK sé hættur sem formaður SSA eftir átta ára setu og að Göran

Opnu grein er um QSL stofuna og sagt frá tæplega 60 löndum sem hafa ekki virka QSL stofu ásamt ýmsum QSL upplýsingum.

Diplom síðan er á sínum stað og sagt frá nokkrum heiðurskjölum. Diplom síða er kannski eitthvað sem ætti að taka upp í CQ TF og væri gaman fá einhver viðbrögð við því frá lesendum. Og á forsiðunni er sagr frá auknum áhuga á amatörradíói í Svíþjóð og vísað til greinar inni í blaðinu.

Í Finnsku blaðinu skil ég því miður ekki stakt orð og þykir mér það frekar leiðinlegt því það er örugglega ýmislegt áhugavert að finna.

Eitt radióamatörblað kaupir ég en ég gerðist lífstíðaraskrifandi af World Radio fyrir allmörgum árum síðan fyrir eina 250 dollara eða svo.

Þetta blað kemur með duggadugg og stundum held ég að önnur árin tynist einhversstaðar í Atlandshafinu og þar sé róíð í hringi þar til árin finnst eða einhver kemur til bjargar því febrúar

blaðið kom með apríl blaðinu.

Þetta blað er gefið út einu sinni í mánuði og prentað á dagblaðapappír og í sauðalitunum.

Í apríl blaðinu er verið að segja frá uppruna Amateur Lighthouse Society ásamt því að ARRL sé hætt að gefa út þrjú awörð sem þeir hafi gefið út lengi en það eru “Rag Chewer's Club, Old Timer's Club og Friendship Award

Í flestum blöðum er mynd af snyrtilega uppsettri amatörstöð og þar segir eigandinn frá stöðinni og því hvernig hann byrjaði í amatörradíói. Kannski er þetta líka eitthvað sem við ættum að taka upp. Áhugasamir hafi samband við ritstjóra.

Í DX dálkinum er oft það sem þeir kalla Antique QSL Department og þar er sagt frá gömlum QSL kortum og fleiru í þeim dúr.

Í þessu blaði er nokkuð um fasta dálka eins og DX, QRP,1010, HF Mobile, Traffic, Key Clicks, Aerials, Contest, Hamfests og QSL managera svo eitthvað sé talið.

Þetta blað er, að mér finnst, gefið út á mjög skynsamlegan máta þarna er ekki verið að eyða peningum í glanspappír og litarentun en innihaldið kemst ágætlega til skila fyrir því.

Formaðurinn okkar gaukaði því að mér að til stæði að koma upp radióamatörstöð í tækniminjasafninu á Seyðisfirði og væri ætlunin að ÍRA

legði til stöð og loftnet og sæi um uppsetningu sem áætluð er í byrjun júní áður en aðal ferðamannatímabilið byrjar.

Kallmerki stöðvarinnar verður TF6TFY en TFY er gamla kallmerki lofskeytastöðvarinnar á Seyðisfirði. Ábyrgðarmaður stöðvarinnar verður Jóhann G. Einarsson TF6GE.

DX Hall Of Fame félagi Kan JA1BK mun vera að koma til landsins í heimsókn til TF4MM og mun verða sá fyrsti sem heimsækir Þorvald vestur í Otradal.

Ekki er hægt að setja saman svona pistil án þessa að kvarta svolítið. En eins og sjá má á þessu bulli hér fyrir ofan þá er alger efnisskortur farin, rétt einu sinni, að há útgáfu þessa litla blaðs okkar. Okkur vantar bráðnauðsynlega eina 3 til 4 aðila sem eru tilbúnir til að skrifa um eitthvert efni svosem eins og 1 til 1 1/2 síðu í hvert blað. Þetta má vera um hvað eina sem tengist þessu áhugamáli okkar og þess vegna þýðingar úr öðrum blöðum um eitthvað áhugavert. Þetta þurfa ekki að vera greinar sem kæmu til greina við úthlutun blaðamannaverðlauna. Ef ekki gengur betur með efnisöflun þá einfaldlega hættir blaðið að koma út og ef það er það sem við viljum þá það. Ég skora nú á félagi ÍRA að hugsa málið aðeins og athuga hvort ekki séu einhverjir sem geti látið frá sér nokkrar blaðsíður af efni á ári. Þetta eru nú ekki nema 5 blöð sem koma út á hverju ári.

Úr ýmsum áttum

Brynjólfur Jónsson TF5BW

Kari frá Pitcairn

Hver man ekki eftir henni Kari norsku konunni sem bjó á Pitcairn eyju og var með kallmerkið VR6KY. Kari var töluvert virk í loftinu frá Pitcairn en er nú flutt til Nýja-Sjálands ásamt manni sínum Brian. Hún er þar með kallmerkið ZL1KBY en Brian er með kallmerkið ZL1BXX.

Heimild Amatorradio

hvar.is

Ég vil benda öllum ÍRA félögum á að á vefsíðunni www.hvar.is er hægt að lesa allskonar tímarit. Þetta er ókeypis þar sem bókasöfn og aðrar stofnanir greiða áskrift fyrir alla Íslendinga. Þarna er meðal annars QST frá því í nóvember 1996 til dagsins í dag ásamt fleiri blöðum og gagnagrunnum sem koma beint eða óbeint að radiói.

Sveinn TF3SNN

Nýr stafur í Morse

Nú er hið mjög svo þekkta @ merki búið að fá Morse staf en hann mun líta svona út.

dit-dah-dah-dit-dah-dit

Mun nú ekki verða vandamál að senda tölvupóstföng á Morse.

Eftir því sem best er vitað er þetta fyrsta breytingin á Morse stafrófinu í 60 ár sagði Gary Fowlie talsmaður International Telecommunication Union

Heimild TF3MM

Orðrómur

Með sunnangolunni um daginn barst sá orðrómur hér norður fyrir Alþafjöll að í uppbyggingu væri mikil fjarskiptamiðstöð í Otradal vestur.

Mun þar ekkert til sparað að gera aðstöðuna hina glæsilegustu. Fluttir hafa verið til landsins nokkrir kílómetrar af loftnetsvír af bestu gerð og á leiðinni munu vera balunar af stærð og sverleika sem ekki mun hafa þekkt hér norður undir heimskauntsbaug áður. Heyrst hefur að þar munu verða settar upp rombur af sverustu gerð ásamt öðrum minni loftnetum og munu staurar og turnar þegar vera til staðar. Jafnvel hefur heyrst að gerð verði tilraun til að strengja víra á milli fjalltoppa á staðnum.

EKKI þarf að taka fram að öll fjarskiptatæki af fullkornustu gerð munu verða á staðnum.

Fylgir hér mynd af balun sem ætlað er að nota. Takið eftir gosdósinni sem er lengst til vinstri á myndinni en hana má nota til að átta sig á stærðinni.

Heimild Sunnangolan



**Gjaldkeri
minnir á
félagsgjöldin**

Aðalfundur ÍRA 2004

Aðalfundur ÍRA

**Verður haldinn í
húsnæði félagsins í
þjónustumiðstöð ÍTR
að Skeljanesi í Reykjavík**

**Laugardaginn 15. maí 2004
kl. 14.00**

**Fundarefni:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál**

Félagar ÍRA eru hvattir til að fjölmenna

Stjórn ÍRA